

Verðmæti seldra framleiðsluvara 2011

Value of sold production 2011

Samantekt Verðmæti seldra framleiðsluvara árið 2011 var 728 milljarðar króna sem er aukning um 63,1 milljarð króna eða 9,5% frá árinu 2010. Á sama tíma hækkaði vísitala framleiðsluverðs um 9,2% og hefur því verðmæti seldra framleiðsluafurða aukist um 0,3% að raungildi. Framleiðsla málma og framleiðsla á fiskafurðum vega sem fyrr þyngst, þannig nam framleiðsla málma 35,1% af heildarverðmæti árið 2011 og framleiðsla á fiskafurðum 34,1%. Verðmæti seldra framleiðsluvara án fiskafurða og framleiðslu málma nam tæpum 224 milljörðum króna á síðasta ári og jókst um tæpa 20,4 milljarða eða um 10% frá fyrra ári.

Iðnaðarskýrslur

Um skýrslugerðina Hagstofa Íslands hefur tekið saman tölur yfir seldar framleiðsluvörur á Íslandi árið 2011. Grundvöllur söfnunar og úrvinnslu upplýsinganna er vöruskrá Evrópusambandsins, PRODCOM, en með henni er hægt að bera saman iðnaðarframleiðslu hérlendis við önnur ríki á Evrópska efnahagssvæðinu. Upplýsingum var safnað um magn og verðmæti seldra framleiðsluvara. Að auki var safnað upplýsingum um sérhæfðar viðgerðir og uppsetningu vélbúnaðar og tækja sem fellur undir deild 33 samkvæmt Íslenskri atvinnugreinaflokkun, ÍSAT2008.

Pátttakendur Gagnasöfnun nær til þeirra iðnfyrirtækja sem voru árið 2011 með yfir 90% af virðisaukaskattskyldri veltu í hverri deild þeirra atvinnugreina sem eru skilgreindar sem framleiðslugreinar, deildir 08–33 samkvæmt ÍSAT2008. Alls fengu 546 fyrirtæki sent eyðublað til útfyllingar. Fyrirtækjum í fiskvinnslu var ekki send skýrsla þar sem upplýsingar um söluverðmæti fiskvinnslu fengust úr tollskýrslum. Einnig eru notaðar tölur úr útflutningsskýrslum til nálgunar á álframleiðslu og framleiðslu á járnbendi. Alls veittu 393 fyrirtæki fullnægjandi upplýsingar um seldar framleiðsluvörur; 17 fyrirtæki reyndust ekki vera í iðnaðarframleiðslu, en seld framleiðsla annarra fyrirtækja var áætluð út frá veltu samkvæmt virðisaukaskattskýrslum og hliðsjón höfð af starfsemi sambærilegra fyrirtækja sem skiluðu upplýsingum. Velta fyrirtækja sem skiluðu nothæfum upplýsingum er áætluð um 92% af heildarveltu þeirra fyrirtækja sem leitað var til (miðað við veltu vegna seldra framleiðsluvara). Velta þeirra 546 fyrirtækja sem Hagstofa Íslands leitar nú til er áætluð að nemi um 96,5% af heildarveltu fyrirtækja í öðrum iðnaði en framleiðslu fiskafurða og álframleiðslu.

Reglur um birtingu talna Í töflum eru birtar upplýsingar um heildarverðmæti seldrar framleiðsluvöru fyrir hvert tveggja stafa ÍSAT2008 atvinnugreinanúmer. Heildarverðmæti er því næst sundurliðað niður á þriggja til níu stafa PRODCOM-vörunúmer. Verðmæti þeirra vörutegunda sem ekki eru sérstaklega sundurliðaðar er lagt saman og birt undir safnliðnum „Aðrar vörur ótilgreindar annars staðar“.



Reglur Hagstofu Íslands um upplýsingaleynd og trúnað við einstök fyrirtæki koma í veg fyrir birtingu á sundurliðuðum niðurstöðum. Reglur um upplýsingaleynd eiga við þegar færri en þrjú fyrirtæki framleiða tiltekna vörutegund, þegar eitt fyrirtæki er með yfir 85% hlutdeild í framleiðslu eða þegar tvö fyrirtæki hafa yfir 90% hlutdeild.


Verðmæti seldra framleiðslu

0,3% aukning
að raungildi

Verðmæti seldra framleiðsluvara var 728 milljarðar króna árið 2011 en var 665 milljarðar króna árið 2010 sem er 9,5% aukning milli ára. Á sama tíma hækkaði vísitala framleiðsluverðs um 9,2% og hefur því verðmæti seldra framleiðsluafurða aukist um 0,3% að raungildi. Eftir atvinnugreinum vegur framleiðsla á matvælum og drykkjarvörum sem fyrr þýngst, nam 339 milljörðum árið 2011 og voru þar af 248 milljarðar vegna framleiddra fiskafurða. Framleiðsla málma var 35,1% af verðmæti árið 2011 og nam tæplega 256 milljörðum króna. Verðmæti seldra fiskafurða og málma nam samtals rúmum 504 milljörðum árið 2011 eða 69,2% af verðmæti seldra framleiðsluvara árið 2011. Verðmæti seldra framleiðsluvara án fiskafurða og framleiðslu málma jókst um 10% frá fyrra ári, úr 203 milljörðum króna árið 2010 í 224 milljarða króna árið 2011.

Mynd 1. Verðmæti seldra framleiðsluvara, án framleiðslu málma og fiskafurða 2010 og 2011

Figure 1. Value of sold production, excluding fish production and manufacturing of basic metals 2010 and 2011



Verðmæti útfluttra fiskafurða jókst um 16%

Útflutningsverðmæti framleiddra fiskafurða voru rúmlega 248 milljarðar króna árið 2011 sem er tæp 16% aukning frá árinu 2010 þegar fluttar voru út sjávarafurðir fyrir rúmlega 214 milljarða króna. Á sama tíma jókst magn útfluttra fiskafurða um 9,9%, úr 559 þúsund tonnnum árið 2010 í 615 þúsund tonn árið 2011. Útflutnings-

verðmæti framleiddra málma var um 256 milljarðar króna árið 2011 sem er um 3,5 % aukning samanborið við 247 milljarð árið 2010.

*Aukning í framleiðslu á
rafbúnaði, tölvu- og
rafeindavörum*

Eftir deildum atvinnugreina jókst verðmæti seldra framleiðsluvara hlutfallslega mest í framleiðslu á rafbúnaði, tölvu- og rafeindavörum, um tæplega 6,6 milljarða króna eða 69,8% á milli ára. Verðmæti framleiðslu á pappír og pappírsvörum jókst um 872 milljónir á milli ára eða um 36,2% frá fyrra ári. Framleiðsla á fatnaði, leðri og leðurvörum jókst um 27,1% á milli ára og viðgerðir og uppsetning vélbúnaðar og tækja um 21,9%. Í framleiðslu á matvælum og drykkjarvörum, án fiskafurða, nam aukningin rúmum 3,6 milljörðum eða 4% þar sem verðmæti seldrar framleiðslu jókst úr 87,5 milljörðum árið 2010 í 91,1 milljarð árið 2011.

Milli áranna 2010 og 2011 varð samdráttur hlutfallslega mestur í framleiðslu á vörum úr málmausum steinefnum, þar sem verðmæti seldra framleiðsluvara dróst saman um 501 milljón króna eða um 5,9% samanborið við árið 2010. Framleiðsla á málmvörum, að undanskildum vélum og búnaði, dróst saman um tæp 2,9% þar sem verðmæti seldrar framleiðslu lækkaði um 325 milljónir á milli ára.

English summary

The total value of sold production in 2011 amounted to 728 billion ISK, which was an increase of 63 billion ISK or 9.5% from previous year. At the same time the Producer Price Index increased by 9.2% which means that the total value of sold production increased by 0.3% in real terms. As in previous years, fish products and basic metals have the highest proportion, with fish products accounting for 34.1% of the total value and basic metals for 35.1%. The value of sold production with fish production and manufacturing of basic metals excluded accounted for 224 billion ISK compared to 203 billion ISK in 2010.

Tafla 1. Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara 2010–2011

Table 1. Value of sold production 2010–2011

		2010		2011	
		Verðmæti, millj. kr Value, mill. ISK	%	Verðmæti, millj. kr Value, mill. ISK	%
Alls Total		664.855	100,0	727.918	100,0
Heildarverðmæti seldrar framleiðsluvara án sjávarafurða og framleiðslu málma					
Total value of sold production excluding fish production and basic metals		203.459	30,6	223.842	30,8
08	Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu <i>Other mining and quarrying</i>	1.908	0,3	2.208	0,3
10/11	Matvæla- og drykkjarvöruframleiðsla <i>Manufacture of food products and beverages</i>	301.805	45,4	339.433	46,6
	Þar af fiskarafurðir <i>There of fish production</i>	214.271	32,2	248.289	34,1
13	Framleiðsla á textílvörum <i>Manufacture of textiles</i>	2.912	0,4	3.415	0,5
14/15	Framleiðsla á fatnaði, leðri og leðurvörum <i>Manufacture of wearing apparel and leather products</i>	1.199	0,2	1.524	0,2
16	Framleiðsla á við og viðarvörum <i>Manufacture of wood and of products of wood</i>	2.098	0,3	2.551	0,4
17	Framleiðsla á pappír og pappírsvöru <i>Manufacture of paper and paper products</i>	2.409	0,4	3.281	0,5
18	Prentun og fjölföldun upptekins efnis <i>Printing and reproduction of recorded media</i>	8.874	1,3	9.135	1,3
20/21	Framleiðsla á efnum og efnavörum; lyfjum <i>Manufacture of chemicals and chemical products</i>	13.158	2,0	15.156	2,1
22	Framleiðsla á gúmmí- og plastvörum <i>Manufacture of rubber and plastic products</i>	6.545	1,0	6.725	0,9
23	Framleiðsla á vörum úr málmausum steinefnum <i>Manufacture of other non-metallic mineral products</i>	8.560	1,3	8.059	1,1
24	Framleiðsla málma <i>Manufacture of basic metals</i>	247.125	37,2	255.786	35,1
25	Framleiðsla á málmvörum, að undanskildum vélum og búnaði <i>Manufacture of fabricated metal products, except machinery and equipment</i>	11.382	1,7	11.057	1,5
26/27	Framleiðsla á tölvu-, rafeinda- og optískum vörum; rafbúnaði <i>Manufacture of computer, electronic and optical products; electrical equipment</i>	9.428	1,4	16.008	2,2
28	Framleiðsla á öðrum ótöldum vélum og tækjum <i>Manufacture of machinery and equipment n.e.c.</i>	14.732	2,2	15.987	2,2
29/30	Framleiðsla á farartækjum <i>Manufacture of transport equipment</i>	1.757	0,3	1.852	0,3
31	Framleiðsla á húsgögnum og innréttingum <i>Manufacture of furniture</i>	3.623	0,5	4.015	0,6
32	Önnur framleiðsla <i>Other manufacturing</i>	7.169	1,1	7.140	1,0
33	Viðgerðir og uppsetning vélbúnaðar og tækja <i>Repair and installation of machinery and equipment</i>	20.171	3,0	24.582	3,4

Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2011
 Table 2. Sold production 2011

Prodcom		Eining		Fjöldi	Magn	Verðmæti,
		Units	Number	Quantity	Value,	mill. ISK
08	Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu	•		2.208,3
10/11	Matvæla- og drykkjarvöruframleiðsla					339.433,4
101111	Nýtt eða fryst nautgripakjöt	kg	9	2.101.080	1.750,2	
101112	Nýtt eða fryst svínakjöt	kg	10	832.748	704,6	
101113	Nýtt eða fryst lamba- og kindakjöt	kg	9	5.347.652	3.939,7	
101115	Nýtt eða fryst hrossakjöt	kg	8	399.176	126,8	
101139	Annað nýtt, kælt eða fryst kjöt og innmatur	kg	3	352.349	109,8	
1012	Nýtt eða fryst kjöt af hænsnum og kjúklingum	kg	6	6.966.948	5.646,2	
101311	Svínakjöt, reykt saltað eða þurrkað	kg	9	953.992	1.091,5	
101313002	Lamba- og kindakjöt, reykt, saltað eða þurrkað	kg	8	607.786	709,0	
101313009	Annað kjöt, reykt, saltað eða þurrkað	kg	3	58.521	54,2	
101314	Pylsur	kg	6	1.513.026	1.141,1	
101315150	Aðrar unnar vörur úr dýralifur, s.s. lifrarkæfa og lifrarpaté	kg	5	418.658	242,9	
101315450	Unnið kjöt og kjötvörur úr svínakjöti	kg	11	3.918.886	3.430,1	
101315850	Unnið kjöt og kjötvörur úr nauta- og kálfakjöti	kg	13	3.229.213	2.430,2	
101315951	Unnið kjöt og kjötvörur úr lamba- og kindakjöti	kg	14	1.604.036	1.851,4	
101315959	Aðrar unnar vörur úr kjöti eða innmat	kg	9	824.992	915,0	
102011000	Fersk fiskflök og annar beinlaus fiskur	tonn	...	25.158	32.300,7	
102012000	Fersk fisklifur og hrogn	tonn	...	87	86,0	
102013300	Heilfrystur sjávarfiskur	tonn	...	215.190	52.786,4	
102014000	Fryst fiskflök	tonn	...	72.824	43.635,5	
102015000	Frystur beinlaus fiskur, t.d. gellur	tonn	...	68.385	22.008,1	
102016000	Fryst fisklifur og hrogn	tonn	...	11.605	5.494,4	
102021000	Fiskflök, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi, en ekki reykt	tonn	...	12.331	9.623,9	
102022000	Fín- og grófmalað fiskmjöl og fiskköggjar, hæft til manneldis; fisklifur og hrogn; þurrkuð, reykt, söltuð eða í saltlegi	tonn	...	3.316	2.601,1	
102023000	Þurrkaður fiskur, saltaður og ósaltaður; saltaður en óþurrkaður fiskur; fiskur í saltlegi (þó ekki reykt fiskflök)	tonn	...	43.547	27.736,9	
102024200	Reyktur lax (einnig í flökum)	tonn	...	43	109,9	
102024800	Reyktur fiskur (einnig í flökum) (þó ekki lax og síld)	tonn	...	426	424,4	
102025100	Unnar vörur úr laxi í heilu eða stykkjum; þó ekki hakkaður lax	tonn	...	2	4,6	
102025200	Unnar vörur úr síld í heilu eða stykkjum; þó ekki hökkuð síld	tonn	...	18	7,8	
102025800	Unnar vörur úr öðrum fiski (þó ekki fiskstautar)	tonn	...	5	4,4	
102025900	Unnar vörur úr fiski (þ.m.t. pylsur og kæfa úr fiski, jafnblandaður fiskur, unnið mjöl og hakk)	tonn	...	2.729	1.728,8	
102026600	Kavíarlíki	tonn	...	905	1.958,9	
102031000	Fryst krabbadyr; fryst mjöl og köggjar úr krabbadyrum; hæft til manneldis	tonn	...	1.866	3.411,6	
102032000	Frystur hörpudiskur og kræklingur; þurrkaður, saltaður eða í saltlegi	tonn	...	290	171,4	
102033000	Aðrir vatnahryggleysingjar: frystir, þurrkaðir eða saltaðir	tonn	...	1.885	426,9	
102034000	Unnar afurðir úr krabbadyrum, lindýrum o.þ.h.	tonn	...	11.969	11.384,6	
102041000	Mjöl, gróf- og fín malað, og köggjar úr fiski eða úr krabbadyrum, lindýrum og öðrum vatnahryggleysingjum, óhæft til manneldis	tonn	...	96.500	17.619,1	
102042000	Óætar fiskafurðir, þ.á m. fiskur til beitu og fóðurs	tonn	...	11.422	685,5	
1031/1039	Kartöflur unnar og varðar skemmdum / Ávextir og grænmeti unnið og varið skemmdum	kg	6	4.088.974	1.844,3	
104112000	Feiti og olíur og þættir þeirra unnar úr fiski eða sjávarspendýrum (þó ekki efnafræðilega umbreyttar)	tonn	...	59.557	14.078,2	
107111000	Nýtt brauð	•	46	...	5.277,4	
107112000	Kökur og sætabrauð; aðrar bakarísvörur blandaðar sætuefnum	•	46	...	3.148,2	

Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2011 (frh.)
Table 2. Sold production 2011 (cont.)

Prodcom		Eining		Fjöldi	Magn	Verðmæti, millj. kr.
		Units	Number	Quantity	Value, mill. ISK	
10721	Tvíbökur og kek; geymsluþolið sætabrauð og kökur	•	37	...	1.144,4	
1082	Framleiðsla á súkkulaði og sælgæti; kakói	kg	8	3.269.016	3.689,9	
108311	Brennt kaffi	kg	3	904.364	1.304,1	
1084	Framleiðsla á bragðefnum og kryddi	•	7	...	936,6	
1091/1092	Húsdýra- og fiskeldisfóður; Gæludýrafóður	kg	6	74.175.786	6.256,4	
1105	Bjór, pilsner og malt	l	5	18.856.333	12.551,8	
1107	Vatn og gosdrykkir	l	5	64.305.478		
	Aðrar vörur ót.a.s. (þ.m.t. mjólkurafurðir)					30.848,1
13	Framleiðsla á textílörum					3.415,3
1394	Kaðlar, seglgarn og fiskinet	•	9	...	2.330,4	
	Aðrar vörur ót.a.s.					1.084,9
14/15	Framleiðsla á fatnaði, leðri og leðurörum	•	20	...		1.524,2
16	Framleiðsla á við og viðarörum	•	32	...		2.551,3
17	Framleiðsla á pappír og pappírsvöru	•	5	...		3.281,2
18	Prentun og fjölföldun upptekins efnis	•	31	...		9.134,8
20/21	Framleiðsla á efnum og efnavörum; lyfjum	•	20	...		15.156,4
22	Framleiðsla á gúmmí- og plastörum					6.725,4
221	Framleiðsla á gúmmívörum	•	4	...	351,5	
222	Framleiðsla á plastörum	•	18	...	6.374,0	
23	Framleiðsla á vörum úr málmausum steinefnum					8.059,4
231	Framleiðsla á gleri og vörum úr gleri	•	4	...	1.167,1	
236	Framleiðsla á vörum úr steinsteypu, sementi og gífsi	•	9	...	2.461,3	
239912/13	Malbik og vörur úr asfalti	•	5	...	2.527,8	
	Aðrar vörur ót.a.s.					1.903,2
24	Framleiðsla málma					255.786,5
241012300	Kísiljárn	tonn	1	120.076	23.972,5	
244211300	Hreint, óunnið ál	tonn	3	760.032	224.646,3	
244223300	Vír úr hreinu áli	tonn	1	20.821	6.343,9	
	Aðrar vörur ót.a.s.					823,8
25	Framleiðsla á málmvörum, að undanskildum vélum og búnaði	•	95	...		11.056,8
26/27	Framleiðsla á tölvu-, rafeinda- og optískum vörum; rafbúnaði og heimilist.	•	20	...		16.008,3
28	Framleiðsla á öðrum ótöldum vélum og tækjum	•	33	...		15.987,3
29/30	Framleiðsla á farartækjum	•	11	...		1.852,2
31	Framleiðsla á húsgögnum og innréttingum	•	33	...		4.015,2
32	Framleiðsla, ót.a.	•	12	...		7.140,0
33	Viðgerðir og uppsetning vélbúnaðar og tækja	•	121	...		24.581,9

Hagtiðindi Iðnaður
Statistical Series Manufacturing

97. árg. • 23. tbl.

ISSN 0019-1078

2012:1

ISSN 1670-455X (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4568 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price* ISK 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Stefán Sigurðsson • stefan.sigurdsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

upplysadeild@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series